

Við erum HAM, þið eruð HAM

Efnafræðingar nota gjarnan tákn til að forðast misskilning og einfalda framsetningu.
Lestu bls. 12-13 í Efnisheimurinn.

- Fyrir hvað stendur s, l og g? Útskýrðu bæði á íslensku og ensku.
- $H_2O(s)$ er vatn í storkuham (fast efni) en hvað er þá $H_2O(g)$?
- Útskýrðu hvað þétting, bráðnun og gufun er og nefndu dæmi.
- Efnatákn Járn er Fe. Járn bráðnar við $1538^{\circ}C$. Efnajafnan fyrir bráðnun járn er: $Fe(s) \rightarrow Fe(l)$.
Útskýrðu með orðum hvað er að gerast í þessari efnajöfnu.
- Skrifaðu efnajöfnu fyrir;
 - Bráðnun klaka (klaki er H_2O)
 - Þéttingu áls (ál er Al)
 - Gufun járn.

Mundu eftir því að svara spurningunum í heilum setningum og láttu spurninguna koma fram í svarinu.

Afurð: Docs skjal


VIÐMIÐ UM ÁRANGUR:

- ☐ Ég átta mig á og get útskýrt ham efna.
- ☐ Ég get sett verkefnið snyrtilega upp.
- ☐ Ég get skrifað efnajöfnur fyrir ham efna og breytingu þeirra.

HÆFNIVIÐMIÐ:

Að nemandi:

- ☐ geti nýtt frumeindakennninguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytingar og hamskipti.
- ☐ get beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingastigsins.



KJARNI Einstaklings-verkefni

Amboð:
Efnisheimurinn
og vefurinn